

**Meðbyr ehf.**

Kt. 4811050480

Vatnagarðar 8 – 104 REYKJAVÍK

S.: 618-9000

netfang: info@medbyr.is

Tengiliður: Þórir Erlingsson

S.: 892 8003


thorir@vikingamot.is**Afnotaleyfi fyrir hjólreiðakeppninni KIA Gullhringurinn á vegsvæðum Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu Árborg.**

Vegagerðinni hefur borist tölvupóstur dags. 8. maí 2021 frá Þóri Erlingssyni þar sem hann óskar eftir afnotaleyfi Vegagerðarinnar fyrir hönd Meðbyrs ehf. til að halda hjólreiðamót á vegsvæðum Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu Árborg.

Síða 1/3

Framkvæmd

Um er að ræða umferðatakmarkanir, lokanir og umferðarstýringar á vegsvæðum Vegagerðarinnar, mynd 1.



Mynd 1 sýnir hjólaleiðirnar í keppninni (skjáskot af Sunnlenska.is)

Vegagerðin
Borgartún 5–7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is
[@vegagerdin](https://www.instagram.com/vegagerdin)

Upphaf og endir mótsins er við Hótel Selfoss, reikna má með umferðartöfum á móts við Hótel Selfoss stóran hluta laugardagsins 10. júlí 2021. Allar ræsinga verða með öryggisfylgd og verða brautarverðir við öll gatnamót. Á meðan mótið stendur yfir verður umferð stýrt með stuttum og lengri lokunum í samvinnu við Vegagerðina og viðbragðsaðila

Lokanir og umferðatafir verða í samræmi við ræsingar sem er eftirfarandi:

- Frá 17:00 til 21:00 lokun frá hringtorgi við Ölfusárbrú að Kirkjuvegi í báðar áttir.
- Frá 21.00 til 23.00 lokun frá Kirkjuvegi að hringtorgi við Ölfusárbrú.
- Frá kl. 18.00 til 19.30 umferð stýrt um Austurveg (Hringveg (1-d4)) frá hringtorgi við Ölfusárbrú að hringtorgi við Bónus.
- Frá 18:30 til 23.00 Víkurheiði að Kirkjuvegi báðar áttir.

Hópar verða ræstir:

- **kl. 18:00 og 18:10** og fara í gegnum Selfoss frá Hótel Selfossi austur Hringveg (1-d4) að hringtorgi við Bónus niður Gaulverjabæjarveg (33-01) og inná Votmúlaveg (310-01), til hægri inná Eyrarbakkeveg (34-02) og enda við Hótel Selfoss. Reiknað er með að allir í þessum flokkum séu komnir í mark fyrir kl. 20.00.
- **kl. 18:30 og 18:45** og fara í gegnum Selfoss frá Hótel Selfossi austur Hringveg (1-d4) að hringtorgi við Bónus niður Gaulverjabæjarveg (33-01) í gegnum Stokkseyri, inná hjólastíg við milli Stokkseyrar og Eyrarbakka í gegnum Eyrarbakka inná Eyrarbakkeveg (34-02) og sem leið liggur að hótel Selfoss. Reiknað er með að allir í þessum flokkum séu komnir í mark fyrir kl. 21.00.
- **kl. 19:05** og fara í gegnum Selfoss frá Hótel Selfossi austur Hringveg (1-d4) og beygja niður Villingaholtsveg (305-01) hjóla hann eins og leið liggur inná Gaulverjabæjarveg (33-02) og í gegnum Stokkseyri að Eyrarbakkeveg (34-01/02) og upp Eyrarbakkeveg þar sem annar hópurinn klárar við hótel Selfoss. Hinn hópurinn fer inná Votmúlavegur (310-01) til austurs niður Gaulverjabæjarveg (33-01) í gegnum Stokkseyri inná Eyrarbakkeveg (34-01/02) og ljúka keppni við hótel Selfoss.

Mestar umferðartafir verða á Gaulverjabæjarveg (33-01/02) og Eyrarbakkeveg (34-02).

Heimild Vegagerðarinnar

Vegagerðin heimilar fyrir sitt leyti hjólreiðakeppnina „KIA Gullhringurinn“ á vegsvæðum Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu Árborg **dags 10.7.2021 frá kl. 16:00 til 23:00**, í samræmi við umsókn dags. 8. maí 2021. Um er að ræða vegsvæði á eftirfarandi þjóðvegum:

- Hringvegur (1-d4/d2),
- Gaulverjabæjarvegur (33-01/04),
- Votmúlavegur (310-01),
- Villingaholtsvegur (305-01/03)
- Eyrarbakkevegur (34-01/02)

Vegagerðin bendir jafnframt á að samkvæmt Umferðarlögum nr. 77/2019, 39. gr. verður einnig að afla leyfis lögreglu þegar reiðhjólakeppni er haldin á þjóðvegi.

Þegar taka þarf að taka niður umferðarhraða og lokanir eru á vegum þá er gerð krafa um vinnusvæðamerkingar og skulu allar merkingar og hjáleiðir verða samkvæmt lögum og reglum um vinnusvæðamerkingar, sjá *Reglur um vinnusvæðamerkingar* á slóð <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/>, einnig skal mótshaldari setja upp vel áberandi merkingar um að umræddur viðburður eigi sér stað á vegsvæðinu.

Heimild er veitt með fyrirvara um að hjólreiðakeppnin brjóti ekki þær reglur sem í gildi verða vegna covid-19 faraldursins um fjöldatakmarkanir og aðrar ráðstafanir og þau skilyrði eru sett, að þeir sem vinna við hjólaviðburðinn á eða við veg skulu vera í vel sýnilegum öryggisfatnaði „gulum vestum og hjálmum“.

Afrit sent til: - Neyðarlína - Lögregla – Umferðarþjónusta – Vaktstöð Vegagerðarinnar

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt og hefur því enga undirskrift

Síða 3/3